

Tillögur Grásleppunefndar

til 30. aðalfundar LS

1. Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að fela Hafrannsóknastofnun að óska eftir gögnum frá stjórn Alþjóða náttúruverndarsjóðsins (WWF) um hvað liggja til grundvallar þeirri ákvörðun hans að setja grásleppu- og grásleppuhrogn á valista.
2. Aðalfundur LS leggur til að ákvörðun um veiðidaga verði í höndum LS og grásleppunefndar og taki mið af markaðsaðstæðum.
3. Aðalfundur LS mótmælir harðlega öllum tilburðum Hafrannsóknastofnunar við stjórnun grásleppuveiða á grundvelli niðurstaðna úr togararalli. Mikilvægt er að stjórnvöld taki mið af tillögum grásleppuveiðimanna um lengd veiðitíma sem bæði er byggð á mati þeirra um stærð stofnsins og markaðsaðstæðum.
4. Aðalfundur LS telur brýnt að LS haldi áfram þeirri vinnu sem hafin er til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði fyrir grásleppu og grásleppuhrogn. Á það jafnt við upplýsingaöflun um verð og aðstoð við veiðimenn og einstök félög smábátæigenda um sölu.
5. Aðalfundur LS leggur til að við grásleppuveiðar megi notast við belgi í staðinn fyrir baujur við merkingu á gráslepputrossum, séu þeir rétt merktir. Rétt stærð af belg er ekki síðri en bauja.

Greinargerð

Sýnt hefur verið fram á að notkun netabauja á sumum veiðisvæðum hefur reynst illa vegna strauma og því hafa belgir verið notaðir með góðum árangri í áratugi.

6. Aðalfundur LS leggur til að skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.
7. Aðalfundur LS leggur til að upphafsdagur grásleppuveiða verði 10. - 20. mars á svæði E að því gefnu að verð liggja fyrir.
8. Aðalfundur LS leggur til að reglum um grásleppuleyfi verði breytt þannig að hægt verði að sameina tvö leyfi. Sameinað leyfi fjölgi veiðidögum hlutfallslega um 50%.
9. **Tilnefningar í grásleppunefnd 2014 – 2015**

Frá Austurlandi

Kári Borgar Ásgrímsson, Borgarfirði eystra.
til vara: Birgir Ingvarsson, Bakkafirði.

Frá Kletti

Ólafur Sigurðsson, Árskógssandi.
til vara: Einar Þorsteinn Pálsson, Árskógssandi.

Frá Eldingu

Bæring Gunnarsson, Bolungarvík.
til vara: Hafþór Jónsson, Patreksfirði.

Frá Reykjanesi

Klemens Einarsson, Keflavík.
til vara: Haukur Einarsson, Reykjavík.

Frá Reykjavík

Guðmundur Jónsson, Hafnarfirði.
til vara: Rögnvaldur Einarsson, Akranesi.

Frá Snæfelli

Valentínus Guðnason, Stykkishólmi.
Varamaður Ásmundur Guðmundsson, Stykkishólmi.

Frá Skalla

Hilmar Zophoníasson, Siglufirði.
til vara: Guðmundur R Guðmundsson, Drangnesi.